

# Rauðhúfa

(önnur útgáfa af Rauðhettu)

Persónur:

Fréttamaður:

Pabbi:

Rauðhúfa:

Úlfur:

Amma:

Veiðimaður:

Fréttakona:

Þessi saga hefur sem betur fer góðan endi, en þær enda ekki allar svona vel. Þessi saga eru um lítinn strák sem bjó hjá pabba sínum upp í sveit. Pabbi hans hafði eitt sinn saumað á hann fallega rauða húfu sem litla strákurinn gekk alltaf með. Þess vegna var hann alltaf kallaður rauðhúfa. Rauðhúfa átti ömmu sem bjó ekki langt í burtu frá þeim feðgum. Rauðhúfa litli heimsótti ömmu sína oft, en þurfti oftast að ganga stíginn sem lá að húsinu hennar ömmu. Það var til styttri leið, en hún lá þvert í gengum skóginn. Sú leið var ekki örugg. Það voru nefnilega fullt af villidýrum sem bjuggu í skóginum.

Pabbi:

Rauðhúfa, ég er búin að baka fullt af kökum, viltu ekki skjótast til hennar ömmu þinnar með ný bakaðar kökur. Ég veit að hún hefur ekki verið hress að undanfögnu.



Rauðhúfa :

Jú jú pabbi minn, ég skal meiri segja hlaupa beint í gengum skóginn, þannig verð ég fljótari.

Pabbi:

Nei Rauðhúfa mín, ég vil heldur að þú farir aðalveginn, það er svo miklu öruggara.

Rauðhúfa :

Pabbi ég fer varlega, ég lofa því.

Pabbi:

Allt í lagi, en þú ferð beinustu leið heim til ömmu. Þú manst að stoppa hvergi á leiðinni. Lofarðu því?

Rauðhúfa :

Já pabbi minn, ég lofa.

Fréttakona:

Rauðhúfa litli setti á sig húfa og hélt af stað. Allt gekk vel þar til allt í einu stökk stór og illilegur úlfur í veg fyrir hann.

Úlfur:

Hvert ert þú að fara litli strákur?

Rauðhúfa :

Ég er að fara til ömmu minnar sem býr hér rétt hjá. Hún er búin að vera veik og pabbi sendi mig með nýjar kökur sem hann var að baka.

Úlfur:

Hvar býr hún amma þín?

Rauðhúfa :

Hún býr hérna rétt hjá. Hún býr í litla fallega húsin við enda stígsins.

Úlfur:

Hefur amma þín gaman af blómum?

Rauðhúfa :

Já hún elskar blóm?



Úlfur:

Er þá ekki sniðugt að tíma eitthvað að þessum fallegu blómum sem eru hér út um allt?

Rauðhúfa :

Jú amma á eftir að verða svakalega glöð. *(hann fer að tína blóm)*

Úlfur:

Nú hleyp ég til ömmu hans, Uss ekki segja neitt. *(hann hleypur af stað)*

Rauðhúfa :

Mikið var þetta góður úlfur. Ég hefði aldrei tekið eftir öllum þessum fallegu blómum ef hann hefði ekki bent mér á þau. En hvar er hann, er hann farinn? Jæja ég verð að halda áfram. *(hann heldur áfram)*

Úlfur:

Mikið var ég fljótur heim til ömmu gömlu. Það er best að banka á hurðina. *(bankar)*

Amma:

Hver er þar?

Úlfur:

Það er ég Rauðhúfa.

Amma:

Rauðhúfa mín, gott að þú skulir vera komin, ég get ekki opnað sjálf, dragðu lokuna bara frá og komdu inn barnið mitt.

*Úlfurinn opnar hurðina og gleypir ömmu gömlu í einum bita.*

*Rauðhúfa kemur gangandi heim til ömmu.*

Rauðhúfa :

Það er gott að vera kominn til ömmu, en af hverju er hurðin opin?  
Amma af hverju eru augum í þér svona stór?

Úlfur:

Það er til þess að ég geti séð þig betur.



Rauðhúfa :

En amma af hverju eru eyrum á þér svona stór?

Úlfur:

Það er til þess að ég geti heyrt betur í þér.

Rauðhúfa :

Já en amma af hverju ertu með svona stóran munn?

Úlfur:

Það er til þess að ég geti étið þig. *(hann stekkur á Rauðhúfu og étur hann í einum munnbita)*

Veiðimaður:

Hvað læti eru þetta, ekki hrýtur gamla konan svona svakalega eða hvað:  
*(fer inn og sér úlfinn) Hvað gengur hérna á. (hann tekur hníf og sker gat á magann á úlfinum amma og Rauðhúfa stökkva fram)*

Rauðhúfa :

Mikið er ég glaður að vera komin út, *(faðmar ömmu sína)*

Amma:

Rauðhúfa minn, mikið er gott að sjá þig. *(faðmast)*

Veiðimaður:

Rauðhúfa, náðu í nokkra steina út við brunninn. Amma náðu í nál og tvinna. Ég er með hugmynd. *(þær ná í dót)*

*Veiðimaður setur steinana inn í magann á úlfinum og amma saumar fyrir. Þau draga sig til hlés.*

Úlfur:

*(vaknar) Mikið er ég þyrstur. Hvað var ég eiginlega að borða. (Úlfurinn fer að brunninum og ætlar að fá sér vatn. Hann dettur niður sem dauður væri).*

Rauðhúfa :

Jæja amma mín, ég verða að koma mér heim. Pabbi er örugglega orðin hræddur um mig. Verður ekki allt í lagi með þig amma mín?



Amma:

Jú gullið mitt, farðu bara varlega á leiðinni heim. Ég bið að heilsa þabba þínum.  
Bless Rauðhúfa mín.

Rauðhúfa :

Bless amma mín. Bless veiðimaður: Þetta var nú ævintýri í lagi. Köttur út í mýri,  
út er ævintýri.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008